



Alþingi  
Erindi nr. D 130/2449  
komudagur 17.5.2004

Reykjavík 13. maí 2004

**UMSÖGN UM ÞINGMÁL NR. 784  
-FRUMVARP TIL LAGA UM VEÐURÞJÓNUSTU-**

**Umsögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar  
fyrir hönd Íslenska Útvarpsfélagsins.**

Undirritaður kom á fund nefndarinnar fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins á fyrri stigum málsins. Til viðbótar við það sem þar kom fram eru eftirfarandi atriði nú nefnd sérstaklega.

-Til áréttingar er gerð tillaga um að í 8. grein frumvarpsins verði orðinu "...án endurgjalds..." komið fyrir í 1. mgr. greinarinnar þannig að hún hljóði svo (feitlettrið er umrædd breyting):

8. gr.  
Miðlun veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands skal **án endurgjalds** miðla upplýsingum um veður, almennar veðurspár, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti a.m.k. daglega til fjölmiðla og annarra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi.

**Rök.**

Veðurstofan miðlar þessum upplýsingum þegar í dag, bæði á faxformi, í gegnum netið og víðar. Íslenska útvarpsfélagið greiðir að einhverju leiti fyrir þessar upplýsingar í dag. Á fundi nefndarinnar var því haldið fram að félagið væri að greiða fyrir símakostnað í tengslum við faxsendingar. Ég tel nauðsynlegt að taka af allan vafa í þessum efnum, enda ótækt að gögn sem Veðurstofu Íslands er skylt að senda út þurfi móttakandi síðan að greiða fyrir.

-Í 12 gr. frumvarpsins er gerð sú skylda að VÍ afhendi gögn sem hún býr til eða aflar....eggn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra....

Orðalagið "...eggn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...." er of opið. Er VÍ í sjálfsveld sett hvað hún telur vera kostnað við afhendingu gagna? Gerð er tillaga um að breytt orðalag þannig að í stað "...eggn greiðslu þess

kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra....” komi “..á kostnaðarverði..” Greinin hljóði því svo (feitletrun er breyting frá núverandi orðalagi):

12. gr.  
Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu **á kostnaðarverði**, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðsamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

Fleiri athugasemdir eru ekki gerðar.

Fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins,

---

Sigurður Þ. Ragnarsson jarð- og veðurfræðingur